

Þekkingarnet Þingeyinga
Óli Halldórsson, forstöðumaður
Hafnarstétt 3
640 Húsavík

Kópavogi, 21. júní 2018

Vísað er til umsóknar Þekkingarnets Þingeyinga, dagsett 13. júní 2017, þar sem sótt er um viðurkenningu sem framhaldsfræðsluaðili.

Samkvæmt 7.gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu veitir ráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni, fræðsluaðilum viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á að starfsemi fræðsluaðilans uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Menntamálastofnun hefur metið umsóknina og önnur framlögð gögn um starfsemi þekkingarnets Þingeyinga. Gögnin voru borin saman við lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011 ásamt yfirlýsingum og viðaukum.

Meðal atriða sem metin voru sérstaklega eru aðstaða til kennslu og námskeiðahalds, skipulag náms og umsjón með því, námskrár eða námslýsingar, hæfni með tilliti til þekkingar og reynslu, fjárhagsmálefni, tryggingar og tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna.

Á grundvelli þess er að framan greinir veitir Menntamálastofnun hér með þekkingarneti Þingeyinga, kt. 670803-3330, viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu til þriggja ára frá dagsetningu þessa bréfs. Viðurkenning þessi felur hvorki í sér viljrði um framlög né fjárskuldbindingu af hálfu ríkissjóðs. Viðurkenningin veitir nemendum þekkingarnets Þingeyinga ekki sjálfkrafa rétt til fyrirgreiðslu úr Lánasjóði íslenskra námsmanna. Þekkingarnet Þingeyinga ber sjálft alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi.

Viðurkenningin byggir á að kennsla fari fram í húsnaði þekkingarnets Þingeyinga eins og því er lýst í umsókninni. Uppfylli þekkingarnet Þingeyinga ekki lengur skilyrði laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu eða fyrirmæli sett samkvæmt þeim getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.

Virðingarfyllst,



Arnór Guðmundsson,
forstjóri